



276. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands haldinn fimmtudaginn 17. janúar 2019, kl. 15:00 að Austurvegi 56, Selfossi.

Mætt voru: Arna Ír Gunnarsdóttir (AÍG), Ingibjörg Kjartansdóttir (IK) Jón G. Valgeirsson, formaður, (JGV), Anton Kári Halldórsson (AKH) og Gísli Halldór Halldórsson (GHH). Þá sat fundinn Stefán Gíslason, framkvæmdastjóri Environice.

1. PureNorth – endurvinnsla á plasti.

Á fundinn mætti Sigurður Halldórsson frá PureNorth og kynnti áhuga fyrirtækisins á gerð brennis úr sunnlenskum úrgangi til útflutnings. SOS bíður eftir að formlegt erindi berist frá PureNorth um málið.

2. Íslenska Gámafélagið – staða á viðbragðsmöguleikum.

Fulltrúar Íslenska Gámafélagsins mættu á fundinn og kynntu stöðu mála í því verkefni þeirra að leysa sorpmál fyrir Sunnlendinga nú þegar Sorpa hættir móttöku úrgangs af Suðurlandi. Þeir eru að undirbúa aukna jarðgerð og munu geta tekið allt lífrænt sorp af Suðurlandi til jarðgerðar.

3. Gámaþjónustan – staða á viðbragðsmöguleikum.

Fulltrúar Gámaþjónustunnar voru til viðtals í síma og kynntu stöðu mála í því verkefni þeirra að leysa sorpmál fyrir Sunnlendinga nú þegar Sorpa hættir móttöku úrgangs af Suðurlandi.

4. Næstu skref í sorpmálum aðildarsveitarfélaga SOS.

Stjórn SOS óskar eftir fundi með umhverfisráðherra og Umhverfisstofnun vegna þeirrar stöðu sem upp er komin í sorpmálum Sunnlendinga.

Stefáni Gíslasyni hjá Environice er falið að ræða við aðila sem sýnt hafa því áhuga að bjóða land til urðunar.

Stefáni Gíslasyni er falið að ræða við Fíflholt og Stekkjarvík um mögulegar lausnir til bráðabirgða.

5. Bókanir frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og SORPU.

Stjórn SOS furðar sig á ummælum SSH og hafnar því að hafa tekið ákvörðun um að draga SOS út úr samstarfi um sameiginlegar lausnir sorpsamlaga á

suðvesturhorni landsins. SOS hefur einfaldlega upplýst SSH/SORPU um að enginn möguleiki var til þess að uppfylla þá afarkosti sem SSH/SORPA setti SOS, sama hve mikill vilji var fyrir hendi. Viðbrögð SSH og sú staða sem eftir það er komin upp í Sorpmálum Sunnlendinga leiðir hinsvegar til þess að stjórn SOS neyðist til að leita lausna á eigin spýtur.

Þá lýsir stjórn SOS miklum vonbrigðum með þá ákvörðun SSH/SORPU að hafna tímbundinni beiðni um móttöku úrgangs meðan unnið er að bráðalausum. Sú ákvörðun mun valda heimilum, fyrirtækjum, frístundabyggðum o.fl. auknum kostnaði og vandamálum.

Stjórn samþykkir að næsti stjórnarfundur verði haldinn mánudaginn 18. febrúar nk. kl. 15:00 í Ráðhúsinu á Selfossi.

Fundi slitið klukkan 17:00